

Markaðspunktur í dag:


- Spáum 0,4% verðhjöðnun í júlí – sumarútsölur í fullum gangi

Spáum 0,4% verðhjöðnun í júlí – sumarútsölur í fullum gangi

Greiningardeild spáir því að verðlag lækki um 0,4% í júlí frá fyrri mánuði. Gangi spá okkar eftir mun ársverðbólgan mælast 3,7% samanborið við 3,3% í júní. Júlí er útsölumánuður og því litast verðmælingar af þeim áhrifum, áhrifin ganga þó að fullu leyti til baka í ágúst og september. Eldsneytisverð hefur hækkað að undanfögnu sem vigtar að einhverju leyti á móti verðlækkunum á útsöluvörum. Flugliðurinn er stærsti óvissuþátturinn í spá okkar eins og svo oft áður. Gangi bráðbirgðaspá okkar eftir til næstu þriggja mánaða þá verður ársverðbólgan komin í 4,5% í október.

Útsöluáhrif

- % verðbólguáhrif, föt, skór og húsbúnaður




Heimild: Hagstofan og greiningardeild

Helstu þættir í júlíspánni:

- **Sumarútsölur.** Í júlí koma útsöluáhrifin fram af fullum þunga, eins og sést á mynd hér að framan. Almennt hafa útsöluáhrifin verið á bilinu 0,5-0,7% til verðlækkunar á fatnaði, skóm og húsbúnaði. Við gerum ráð fyrir að útsöluáhrifin verði nú nær neðri mörkum, einkum í ljósi þess að krónan hefur veikst á undanfögnu vikum. *Heildaráhrif: -0,5%*
- **Eldsneytisverð hækkar.** Eldsneytisverð hefur hækkað milli verðmælinga sem má rekja til hækkunar á heimsmarkaðsverði og veikingar krónunnar. *Heildaráhrif: +0,11%*

- **Húsnæðisliðurinn hækkar.** Húsnæðisliðurinn hefur heldur betur tekið við sér í síðustu verðmælingum Hagstofunnar. Í apríl, maí og júní hefur reiknuð húsaleiga haft að meðaltali 0,10% áhrif til hækkunar á VNV. Við gerum ráð fyrir svipuðum áhrifum í júlí. *Heildaráhrif: 0,10%*


Reiknuð leiga
- % áhrif á VNV



Heimild: Hagstofan og greiningardeild

- **Flugliðurinn óbreyttur en óvissan mikil.** Eins og sést á neðangreindri mynd þá er ekki lengur hægt að gefa sér ákveðið mynstur eins og tíðkaðist hér á árum áður, þegar hækkun einn mánuð var oft og tíðum ávísun á lækkun hinn næsta o.sfrv. Ef við lítum hins vegar á júlímánuðinn síðustu árin þá hafa flugfargjöld almennt tilhneigingu til að lækka í þeim mánuði. Aftur á móti teljum við að eflaust séu þónokkrir vonsviknir Íslendingar að flýja rigninguna hér heima og sækja sólríkari staði úti í heimi, aukin eftirspurn eftir flugsætum ætti því hugsanlega að þrýsta verðinu upp. Þá hefur heimsmarkaðsverð á olíu hækkað sem dregur enn frekar úr hvata flugfélaga til að lækka verð. Við spáum því að flugliðurinn standi óbreyttur í mælingum Hagstofunnar en líkur standa að okkar mati frekar til þess að liðurinn hækki en að hann lækki í júlí. Þessi liður er hins vegar óútreiknanlegur og því talsverð óvissa bundin við ofangreindar forsendur. *Heildaráhrif: Engin*

Áhrif flugfargjalda á VNV (%)




Heimild: Hagstofan

Bráðabirgðaspá næstu mánuði

Á sama tíma í fyrra var krónan upp á sitt sterkasta og komu áhrif þess skýrt fram í verðmælingum Hagstofunnar. Verðbólgan var því óvenju hagstæð í júlí og ágúst í fyrra þar sem mældist verðhjöðnun tvo mánuði í röð. Krónan hefur hins vegar verið í hægum veikingarfasa á undanförunum vikum og því teljum við að árstaktur verðbólgunnar fari hækkandi á komandi mánuðum og verði kominn í 4,5% í október ef bráðabirgðaspá okkar gengur eftir.

Forsendur spárinnar eru óbreytt gengi krónunnar og óbreytt eldsneytisverð en að húsnæðisliðurinn hækki um 0,05% á komandi mánuðum.

- **Ágúst: +0,45%.** Útsölur ganga að hluta til baka, einhver gengisáhrif vegna veikingar krónunnar.
- **September: +0,7%.** Útsölur ganga að öllu leyti til baka. Almennar gjaldskrárhækkanir og lítilsháttar gengisáhrif.
- **Október: +0,5%.** Árstíðarbundnar verðhækkanir.



Heimild: Hagstofan og greiningardeild

Markaðspunktur Greiningardeildar Arion banka

Ásdís Kristjánsdóttir	asdis.kristjansdottir@arionbanki.is	444-6968
Brynjar Ólafsson	brynjar.olafsson@arionbanki.is	444-6262
Elvar Ingi Möller	elvar.moller@arionbanki.is	444-6981
Erna Sverrisdóttir	erna.sverrisdottir@arionbanki.is	444-6991
Fannar Jónsson	fannar.jonsson@arionbanki.is	444-6962
Hafsteinn Hauksson	hafsteinn.hauksson@arionbanki.is	444-6993
Stefán Broddi Guðjónsson	stefan.gudjonsson@arionbanki.is	444-6959

Ábyrgðarmaður: Ásdís Kristjánsdóttir

Fyrirvari

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum sem Greiningardeild Arion banka hefur undir höndum þegar Markaðspunktur eru ritaðir. Helstu heimildir eru ársskýrslur, afkomufundir og hluthafafundir auk annarra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskyni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á einn eða annan hátt og ekki skal líta á efnið sem ráðgjöf um kaup, sölu eða aðra ráðstöfun fjármálagerninga sem umfjöllunin kann að varða, beint eða óbeint. Skoðanir og spár geta breyst án fyrirvara. Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Arion banki, eða starfsmenn Arion banka ekki tekið ábyrgð á villum. Vinsamlegast hafið samband við markaðsviðskipti

Arion banka eða ráðgjafa áður en gengið er frá viðskiptum sem byggja á þessum Markaðspunktum. Arion banki hf. og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að gengi einstakra bréfa sem félagið mælir með kaupum á kunni að lækka og öfugt. Einnig skal bent á að árangur í fortíð er ekki örugg vísbending eða trygging fyrir árangri í framtíð.

Arion banki, starfsmenn Arion banka, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Arion banka kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Greiningardeildar Arion banka lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar í einstaka félögum, umsjónaraðilar útboða, viðskiptavaki útgefenda eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri fjárfestingabankaþjónustu.

Athugasemdir, ábendingar og fyrirspurnir tengdar markaðspunktum sendist á netfangið greiningardeild@arionbanki.is
